

Yfirlýsing frá Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, vegna landsdóms

Ég tel óhjákvæmilegt að vekja athygli fjölmiðla á tveimur nýjum atriðum varðandi málshöfðun Alþingis gegn mér, sem samþykkt var 28. september sl.

1.

Í lögunum um landsdóm segir í 15. grein að forseti landsdóms skuldi skipa hinum ákærða verjanda svo fljótt sem verða má. Alþingi kaus saksóknara og annan til vara ef hinn skyldi forfallast 12. október sl. og munu þeir báðir hafa verið í fullu starfi síðan við að undirbúa saksóknina.

Í bréfi sem ég ritaði forseta landsdóms 15. nóvember krafðist ég þess að mér yrði skipaður verjandi án frekari tafar í samræmi við 15. grein laganna og nafngreindi þann hæstaréttarlögmann sem ég hef fengið til að gæta hagsmuna minna í málinu. Taldi ég þá víst að mér bærist tilkynning um skipun verjanda innan fárra daga og að hann gæti umsvifalaust hafið störf við gagnaöflun og fleira en af því hef ég mikla hagsmuni.

Svo reyndist ekki vera heldur barst mér í staðinn afrit af bréfi forseta landsdóms til saksóknara Alþingis dags. 19. nóvember þar sem óskað er umsagnar um kröfu mína um skipun verjanda og beðið um að afstaða saksóknara berist landsdómi (ekki forseta landsdóms) eigi síðar en 24. þ.m.

Ég tel þetta með öllu óskiljanlegt og fyrir þessu er hvergi að finna lagastoð. Saksóknara er ekki ætlað að veita umsögn um skipun verjanda og hefur ekkert með það mál að gera. Ég mun því mótmæla því harðlega við forseta landsdóms að afgreiðsla þessa einfalda atriðis sé enn tafin með þessum hætti.

Í fjölmiðlum hefur komið fram hjá skrifstofustjóra Hæstaréttar (og jafnframt ritara landsdóms) að lagaleg óvissa ríki um það hvort ég hafi á þessu stigi formlega stöðu ákærðs manns. Í því sambandi bendi ég á að í bréfi forseta landsdóms til mín dags. 30. september er vikið að mér sem hinum ákærða og það orð er notað hvarvetna í lögunum um landsdóm. Léki hins vegar einhver vafi á þessu atriði, sem ekki verður fallist á, bæri að sjálfsgöðu að túlka hann sakborningi í vil og fara að ósk minni um skipun verjanda.

2.

Dóms- og mannréttindaráðherra lagði í lok síðustu viku fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingar á lögunum um landsdóm frá 1963. Í greinargerð kemur fram að þar sé byggt á skriflegum tillögum forseta landsdóms frá 21. október sl.

Forseti dómsins hefur með öðrum orðum undirbúið breytingar á lagaumgjörðinni um það mál sem Alþingi hefur höfðað gegn mér eftir að ákvörðun um málshöfðun lá fyrir. Síðan hefur forsetinn sent þær tillögur til ráðherra sem sjálfur greiddi atkvæði með málshöfðun gegn mér og hefur, eins og hans pólitísku samherjar, mikla pólitíska hagsmuni af því að ég verði sakfelldur.

Þetta er með ólíkindum. Ég tel þessi vinnubrögð vítaverð og skiptir í því sambandi ekki máli þótt sum þau atriði sem lagt er til að verði breytt geti talist minni háttar. Alþingi var vel kunnugt um að einhverjir annmarkar væru á lagaumgjörðinni um landsdóm þegar ákveðið var að höfða málið, en lögin voru þó talin nothæf. Breytingar á lögunum nú, eftir að ákvörðun um ákæru hefur verið tekin, fá ekki staðist, a.m.k. ekki án þess að leitað sé samþykkis allra málsaðila. Raunar væri fróðlegt að vita hvort leitað var munnlegrar eða skriflegrar umsagnar saksóknara Alþingis á téðum tillögum um breytingar á lögunum.

Hefði forseti landsdóms talið meinbugi á lögnum svo alvarlega að ekki yrði hjá breytingum komist hefði að mínum dómi verið eðlilegt að það væri rætt við sækjanda og skipaðan verjanda, enda er málshöfðun á hendur mér eina málið fyrir réttinum, og síðan leitað pólitískrar samstöðu á Alþingi undir stjórn forseta þingsins. En auðvitað hefðu áhugamenn um þessa málshöfðun á Alþingi átt að vera búnir að beita sér fyrir breytingum á lögnum löngu áður en mál var höfðað á grundvelli þeirra.